

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2001

29. júní 2001

1267

Nr. 512

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar er öðlist gildi 1. júlí 2001.

Gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, nr. 87 frá 1. janúar 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir hækka um 4,9% nema taxti C1, rofin daghitun, sem hækkar um 10%.

Iðnaðarráðuneytinu, 29. júní 2001.

Guðjón Axel Guðjónsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

21. júní 2001

Nr. 513

REGLUGERÐ

um viðmiðunarfjárhæðir vegna opinberra innkaupa á Evrópska efnahagssvæðinu og samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup.

1. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir vegna skyldu til útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup skulu vera sem hér segir:

IKR

Opinberir aðilar að frátöldum sveitarfélögum, stofnunum þeirra, öðrum opinberum aðilum á þeirra vegum eða samtökum sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

- Vörukaup	11.024.597
- Þjónusta	15.827.204
- Verkframkvæmdir	396.680.000

Sveitarfélög, stofnanir þeirra, aðrir opinberir aðilar á þeirra vegum og samtök sem þessir aðilar kunna að hafa með sér:

	IKR
- Vörukaup	15.827.204
- Þjónusta	15.827.204
- Verkframkvæmdir	396.680.000

Viðmiðunarfjárhæð vegna kynningarauglýsingar á Evrópska efnahagssvæðinu vegna áætlaðra kaupa á einu ári er 59.352.015 IKR.

2. gr.

Viðmiðunarfjárhæðir 1. gr. gilda einnig um útboðsskyldu vegna innkaupa samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um opinber innkaup sem Ísland er aðili að.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 8. gr. og 56. gr. laga nr. 94/2001 um opinber innkaup og tekur þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 21. júní 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Guðmundur Ólason.